



21. mars 2025

Tilv.: 2503024

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 111. mál.

Með tölvupósti, dags. 4. mars sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 111. mál á 156. löggjafarþingi.

Frumvarpinu er ætlað að leiða í íslenskan rétt reglugerð (ESB) 2021/1230 um greiðslur yfir landamæri í Sambandinu og reglugerð (ESB) nr. 260/2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum. Í reglugerðunum eru ekki tilgreind sérstaklega þau ákvæði sem varðað geta stjórnvaldssektum að lágmarki, eins og stundum er gert í ESB-gerðum, t.a.m. reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (reglugerð um markaðssvik). Í reglugerðunum, sem fyrirbyggjandi frumvarpi er ætlað að innleiða, segir á hinn bóginn að aðildarríki skuli setja reglur um viðurlög við brotum gegn reglugerðunum og skulu viðurlögin vera áhrifarík, viðeigandi og hafa varnaðaráhrif.¹ Í ljósi þess að EES-samningurinn eftirlætur EES-ríkjunum að útfæra viðurlagaákvæði í samræmi við landsrétt hvers ríkis, ætti löggjöf sem innleiðir EES-gerðirnar að kveða á um fullnægjandi og viðeigandi viðurlög.

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem veitir fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands heimild til að leggja stjórnvaldssektir á greiðsluþjónustuveitanda „sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar (ESB) 2021/1230 eða reglugerðar (ESB) nr. 260/2012“. Þá segir í ákvæðinu að sektir geti numið frá 500 þús. kr. til 800 milj. kr. en geti þó verið hærri, eftir því sem nánar greinir í 2. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur ástæðu til þess að gera athugasemd við þetta ákvæði frumvarpsins, en að mati bankans eru áhöld um hvort ákvæðið í núverandi horfi uppfylli kröfur sem gera verður til skýrleika viðurlagaheimilda.

Nánar tiltekið gerir 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar ákveðnar form- og efniskröfur til refsheimilda við mótun verknaðarlýsinga og við ákvörðun löggjafans um refsitgundir og mörk þeirra. Ákvæðið á við um allar refsheimildir óháð eðli þeirra eða tegund og felur því í sér almenna lagaáskilnaðarreglu. Þannig felur lögætisregla refsiréttarins, sbr. framangreint, ásamt lögætisreglu stjórnsýsluréttarins, í sér kröfur um að sektarheimildir stjórnvalda séu skýrt afmarkaðar og tilgreindar í lagatexta. Ef refsheimild í lögum er of

¹ Sjá 12. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1230 hér: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32021R1230.pdf> og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 hér: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32012R0260.pdf>.

víðtæk eða óskýr er hætt við því að hún teljist ekki standast framangreindar lögætisreglur. Í því felst að afmarka skuli skýrt í lögum *hvaða háttsemi* teljist refsiverð.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins kveður á um að brot gegn ákvæðum reglugerðanna varði stjórnvaldssektum sem fjármálaeftirlit Seðlabankans getur lagt á greiðsluþjónustuveitendur. Að mati Seðlabankans er hætt við að með þessari nálgun teljist sektarheimildir stjórnvalda ekki nægjanlega skýrt afmarkaðar og því teljist lýsing á refsiverðri háttsemi ekki vera nægilega skýr, en samkvæmt orðanna hjóðan mætti álykta sem svo að öll ákvæði beggja reglugerða séu hér undir og brot gegn hverju þeirra geti þannig varðað stjórnvaldssektum. Telja má að vilji löggjafans standi ekki til slíkrar nálgunar en hún er hvorki í samræmi við meðalhóf né eru öll ákvæði reglugerðanna svokallaðar háttsemisreglur sem unnt er að brjóta gegn. Seðlabankinn telur ákvæðið í núverandi horfi því of víðtækt og brýnt að löggjafinn taki afstöðu til þess hvaða háttsemi skuli vera refsiverð í þessu samhengi og hún sé skýrt afmörkuð í lögnum. Slík nálgun væri jafnframt í samræmi við ákvæði annarra laga á fjármálamarkaði sem fela í sér stjórnvaldssektarheimildir.

Bent er á að þegar umrætt frumvarp var birt í samráðsgátt stjórnarráðsins var ákvæði þess, er varðaði heimild fjármálaeftirlits Seðlabankans til þess að leggja á stjórnvaldssektir, skýrara og fól í sér tilvísanir til þeirra ákvæða sem sektarheimild fjármálaeftirlits Seðlabankans skyldi taka til. Seðlabankinn er fús til frekara samtals um efni slíks ákvæðis, sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ejörk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Fullgild rafræn undirskrift

Björk Sigurgísladóttir

21.03.2025 16:54

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

21.03.2025 16:57